



360. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis, 26. október 2009 kl. 15.00. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Höskuldur Þórhallsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Þuríður Backman og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Einar Á. E. Sæmundsen mætti v. 1. dagskrárliðar. Ásmundur Helgason yfirmaður lögfræðideildar Alþingis mætti vegna 2. dagskrárliðar.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá Skógrækt ríkisins um heimild til grisjunar í skógarlundi í Hrafnagjárdhalli á Þingvöllum, dags. 24. október s.l.
Um er að ræða barrskóg sem er um það bil 14 ha. Sótt er um heimild til að grisja 1,5 ha svæði. Í greinargerð kemur fram að markmið með grisjuninni er m.a. að bæta útivistargildi skóganna, bæta vaxtarskilyrði eftirstandandi trjáa, opna gönguleiðir inn í skóginn og minnka sjónræn áhrif skóganna.
Aka þarf viðnum sem til fellur við grisjunina út úr skógi og er spurt hvort gera megi nýjan veg og bílaplan við Vatnsstíginn sem síðar yrði nýttur sem stígur fyrir hreyfihamlaða en í stefnumörkun þjóðgarðsins er talað um það að opna þjóðgarðinn fyrir hreyfihamlaða austan megin.
Sigrún Helgadóttir rithöfundur hefur unnið tillögur að korti með gönguleiðum í þjóðgarðinum. Bent var á hafa þarf heildarsýn fyrir þjóðgarðinn áður en ákvarðanir um göngustígakerfi verða teknar.
Frestað til næsta fundar.

Valgerður Bjarnadóttir vék af fundi.

2. Starf þjóðgarðsvarðar – auglýsing.
Lögð fram drög að auglýsingu eftir umsóknum um starf þjóðgarðsvarðar sem jafnframt er framkvæmdastjóri Þingvallanefndar. Samþykkt var að birta auglýsinguna í Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og á Starfatorgi um næstu helgi. Umsóknarfrestur var ákveðinn þrjár vikur eða til 20. nóvember 2009.
Stefnt verður að því að ráða í starfið ekki síðar en frá og með 1. janúar 2009.
Eftirfarandi kröfur um menntun, reynslu og þekkingu verða hafðar til viðmiðunar við mat á hæfni umsækjanda og ráðningu í starfið og koma þær fram í auglýsingunni;
 - Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun kostur
 - Þekkingu á Íslandi, sögu lands og þjóðar, íslensku náttúrufari og íslenskri ferðaþjónustu
 - Reynsla af stjórnunarstörfum, almennum rekstri, fjármálastjórn og mannaforráðum
 - Þekking á umhverfismálum, náttúrutúlkun og /eða landvörslu er kostur
 - Reynsla eða þekking á fræðslu til mismunandi hópa

- Góð íslensku og enskukunnátta auk Norðurlandamáls, frekari tungumálakunnátta kostur.

Ásmundur Helgason fór yfir auglýsinguna og taldi að hún skýrði vel eðli starfans og væri í samræmi við lög og reglur.

3. Önnur mál.

Formaður lagði fram þingskjal nr. 95, sem er 93. mál þingsins: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, með síðari breytingum.

Flm. eru Álfheiður Ingadóttir, Atli Gíslason, Björgvin G. Sigurðsson, Höskuldur Þórhallsson, Valgerður Bjarnadóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

1. gr. Við 2 gr. laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Þjóðgarðurin er að öllu leyti undanþeginn lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.
2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frumvarp þetta er til þess að taka af allan vafa um að land innan þjóðgarðsins falli ekki undir gildissvið laga nr. 75/2008 og er endurflutt frá fyrra þingi en flutningsmenn voru þá allir fulltrúar í Þingvallanefnd.

Fundartímar. Ákveðið að halda fundi á miðvikudögum í nóvember frá kl. 11.30 – 13.00.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.10.